

*Breyting á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegur“.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegur“. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum er breytt til samræmis við nýrri áætlanir. Farið var með breytinguna samkv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 11. október 2004.*

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna lagningu ökutækja við Ofanleiti að austanverðu. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

Á sama grundvelli hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að biðskylda verði á eftirtöldum götum á Kjalarnesi:

1. Á Hofsgrund fyrir umferð um Brautarholtsveg.
2. Á Vallargrund fyrir umferð um Hofsgrund.
3. Á Esjugrund fyrir umferð um Vallargrund
4. Á Víkurgrund fyrir umferð um Vallargrund.
5. Á útkeyrsluleið frá Klébergsskóla fyrir umferð um Vallargrund.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. október 2004.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## REIKNINGUR

**Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2003.**

**Rekstrarreikningur.**

**Rekstrartekjur:**

	Kr.
Innheimtir dráttarvextir .....	209.148.969
Innheimtuþóknun vegna erlendrar innheimtu .....	3.931.869
Önnur innheimtuþóknun .....	5.905.585
Endurkrafinn fjárnámskostnaður .....	7.039.899
	226.026.322

**Rekstrargjöld:**

Laun og launatengd gjöld .....	91.822.119
Annar rekstrarkostnaður .....	57.239.218
	<u>149.061.337</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	76.474.492
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4.372.042
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>80.846.534</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2003.****Eignir:**

<i>Veltufjármunir:</i> .....	Kr.
Meðlagskröfur til innheimtu .....	9.363.506.325
Óinnheimtar kröfur .....	4.428.534
Handbært fé .....	47.951.658
	<u>9.415.886.517</u>
<b>Eignir samtals</b>	<b>9.415.886.517</b>

**Eigið fé og skuldir:***Eigið fé:*

Framlag Jöfnunarsjóðs .....	7.451.125.150
Annað eigið fé .....	1.827.061.710
	<u>9.278.186.860</u>
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>9.278.186.860</b>

<b>Lífeyrisskuldbinding .....</b>	<b>82.523.464</b>
-----------------------------------	-------------------

**Skammtímaskuldir:**

Tryggingastofnun ríkisins .....	56.230.096
Félagsmálaráðuneytið .....	13.497.177
Erlendar innheimtur .....	865.133
Ógreiddur kostnaður .....	3.789.739
	<u>74.382.145</u>

Skuldir og lífeyrisskuldbinding samtals	<u>156.095.609</u>
---	--------------------

**Eigið fé og skuldir samtals** **9.435.092.469**

Reykjavík, 24 maí 2004.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga,

**Sigurgeir Sigurðsson,**

**Húnbogi Þorsteinsson,**

**Stefanía Traustadóttir.**

*Hilmar Björgvinsson forstjóri.*